119

## Auglýsing.

Með því að heilbrigðisráðið fyrir dýralækningar í Danmörku hefur látið í ljósi að hættu þeirri, sem stafar af innflutningi útlendra, ósútaðra húða að því er snertir uppkomu og útbreiðslu miltisbrands og annara drepvænna skepnusjúkdóma, geti naumast orðið afstýrt, nema ef allar slíkar húðir væri lagðar í klórkalks uppleysingu (1—12) áður en þær eru seldar, en að hættan sje minni, ef húðirnar sjeu bleyttar upp í straumhörðu vatni heldur en í pollum og straumlygnum lækjum, þá er hjer með allur almenningur áminntur um, að leggja útlendar ósútaðar húðir ekki í bleyti í pollum eða vatni, sem lítill straumur er í, og helst alls ekki þar, sem skepnum er auðveldur aðgangur að til að drekka.

Reykjavík, 6. október 1891,
Landshöfðinginn yfir Íslandi,
Magnús Stephensen.

*Hannes Hafstein.*

### STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI
samkvæmt fjárlögunum fyrir 1890 og 1891.
10. gr. C. 4. b.

Eptir að hlutaðeigandi amtsráð höfðu sent landshöfðingja tillögur sínar og sýslunefndanna viðvíkjandi styrk af þeim 8000 kr., sem ræðir um í þessum fjárlagalið, hafa eptirnefndum búnaðarfjelögum verið veittar styrksupphæðir þær, fyrir árið 1891, sem hjer segir.

### *A. Í suðuramtinu:*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Búnaðarfjelagi Suðuramtsins . . . . . | kr. | 2000,00 |
| 2. | — Hornfirðinga og Lónsmanna | — | 51,50 |
| 3. | Búnaðar- og jarðabótafjel. Merkurbæja | — | 55,20 |
| 4. | Búnaðarfjelagi Austurlandeyjahrepps . | — | 36,80 |
| 5. | — Hvolhrepps . . . . . | — | 36,80 |
| 6. | — Holtamannahrepps . . | — | 27.60 |
| 7. | — Villingaholtshrepps . . | — | 92,00 |
| 8. | — Gaulverjabæjarhrepps . | — | 92,00 |
| 9. | — Stokkseyrarhrepps . . | — | 220.00 |
| 10. | — Sandvíkurhrepps . . . | — | 64,40 |
| 11. | — Hraungerðishrepps . . | — | 92,00 |
| 12. | — Skeiðahrepps . . . . . | — | 36,80 |
| 13. | — Gnúpverjahrepps . . . | — | 33,10 |
| 14. | — Hrunamannahrepps . . | — | 92,00 |
| 15. | — Biskupstungnahrepps . | — | 92,00 |
| 16. | — Grímsnesshrepps . . . | — | 165,60 |
| 17. | — Seljarnarnesshrepps . . | — | 73,60 |
| 18. | — Mosfellssv. og Kjalnesinga | — | 110,40 |
| 19. | — Hvalfjarðastrandarhrepps | — | 92,00 |
| 20. | — Innra-Akranesshrepps . | — | 92,00 |
| 21. | — Skilmannahrepps . . . | — | 55,20 |
| 22. | — Leirár- og Melahrepps. | — | 46,00 |
| 23. | — Skorradalshrepps . . . | — | 33,10 |
| 24. | — Lundareykjadalshrepps. | — | 36,80 |
| 25. | — Andakýlshrepps . . . | — | 64,40 |
| 26. | — Reykholtsdalshrepps . . | — | 73,60 |
| 27. | — Hálsahrepps . . . . | — | 33,10 |
| | | — | 3898,00 |